

**Sp.**

**564. Tillaga til þingsályktunar**

[354. mál]

um virka þátttöku ríkisfyrirtækja í uppbyggingu atvinnulífs.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Valdimar Indriðason, Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að sú stefna skuli vera ríkjandi í stjórn og rekstri atvinnufyrirtækja sem ríkið á að hluta eða öllu leyti að þau skuli ein sér eða í samvinnu við önnur vera virkir aðilar að hvers kyns nýjungum í uppbyggingu atvinnurekstrar.

Því felur Alþingi ráðherrum þeim, sem fara með málefni slíkra fyrirtækja, að hlutast til um að stjórnir þeirra hrindi þessari stefnu í framkvæmd hvarvetna sem færi gefst.

**Greinargerð.**

Þörf Íslendinga fyrir öfluga uppbyggingu atvinnulífs er óumdeild. Verðmætamyndun í þeim atvinnurekstri, sem fyrir er í landinu, er af ýmsum ástæðum hvergi nærri nóg til að skila þeim lífskjörum sem fólkið í landinu er reiðubúið til að sætta sig við, og því er þörfin knýjandi að allra leiða sé leitað til að setja á fót nýjan atvinnurekstur, nýta auðlindir og aðstöðu, sem nú er ekki nýtt, og bæta nýtingu þess sem fyrir er.

Við þessu verður allur atvinnurekstur í landinu að bregðast og beita öllum þeim ráðum sem honum eru tiltæk til að koma í verk arðbærum nývirkjum til að skjóta nýjum stöðum undir atvinnulíf víðs vegar um landið.

Við þessar aðstæður er nauðsynlegt að því mikla afli, sem fólgið er í mannafla, þekkingu og aðstöðu fyrirtækjanna sem ríkið á að öllu eða verulegu leyti, sé beitt af fullum þunga í þessa átt.

Sé litið til aðstæðna í kjördæmi flm. á þessi tillaga ekki síst við þar. Í héraðinu eru mörg fyrirtæki í einka- eða félagseign og einstaklingar í atvinnurekstri sem eflaust munu axla sinn hlut í þeirri atvinnuþróun sem þarna er þörf fyrir. Í héraðinu eru sömuleiðis tvö meiri háttar atvinnufyrirtæki á vegum ríkisins, Sementsverksmiðja ríkisins og Íslenska járnblendifélagið hf.

Flm. þessarar tillögu telja nauðsynlegt að Alþingi lýsi afdráttarlaust yfir þeirri stefnu að ríkisfyrirtækjum af þessu tagi beri að taka virkan þátt í þeirri uppbyggingu atvinnulífs sem þörf er fyrir. Flm. er kunnugt að bæði þessi fyrirtæki, sem hér eru nefnd, hafa haft uppi nokkra viðleitni í þessa átt.

Það er mjög mikilvægt að forráðamenn starfsemi af þessu tagi finni að baki sér stuðning og þrýsting af hálfu Alþingis til að beita þeim mætti, þekkingu, reynslu og stjórnunargetu, sem er fyrir hendi í þessum fyrirtækjum, til að þrautreyna allar leiðir til að koma nýjum atvinnurekstri á laggirnar í héraðinu.